

## REGLUGERÐ

### um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2009.

#### 1. gr.

##### *Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.*

Daggjöldum vegna dvalarheimila fyrir aldraða og vegna dagvistunar aldraða er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2009:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	8.624
2. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða heyrnarlausá á Hrafnistu í Reykjavík	10.274
3. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	4.795
4. Gjald á dagvistun fyrir aldraða heilabilaða	10.335

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem njóta þjónustu dagvistar skulu greiða 800 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Greiða skal vistgjald til dvalarheimilis fyrir aldraða frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem vistmaður er tekinn inn á heimilið. Vistgjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til vistmannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á vistunarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

#### 2. gr.

Innifalin í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 422/1992 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

#### 3. gr.

##### *Húsnæðisgjald vegna viðhalds.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagvistunar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2009 er 2.746 kr. á m<sup>2</sup> á ári og reiknast að hámarki á 60 m<sup>2</sup> á hvert hjúkrunar- og dvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m<sup>2</sup> á dagvistunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum eða meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, sbr. 1. mgr. 21., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 2009.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. desember 2008.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Lára Björnsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008